



Málflutningsstofa Reykjavík
ehf - Reykjavík Legal
Páll Rúnar Kristjánsson,
héraðsdómslögmaður
Húsi verslunarinnar
Kringlunni 7
103 Reykjavík

Austurvegur 64 800 Selfoss
Sími: 530 4800 - Fax: 530 4801
mast@mast.is www.mast.is

Selfoss, 27. maí 2015
Tilvísun: Mast15050294/6.2.0

Efni:

Vísað er erindis frá 19. maí og tölvubréfs frá 22. maí sl. Í erindinu er gerð krafa um að Matvælastofnun sinni lögbundnu hlutverki sínu og afgreiði erindi Innnes ehf. þrátt fyrir að yfirstandandi verkfall hjá starfsmönnum stofnunarinnar. Í erindinu er vísað til þess að enginn lagaleg krafa sé um aðkomu dýralækna og að þrátt fyrir að svo væri þá sé bæði stjórnanda stofnunarinnar og yfirdýralækni heimilt sinna viðkomandi verkefnum.

I.

Þann 20. apríl sl. hófst ótímabundið verkfall dýralækna, líffræðinga og matvæla- og næringarfræðinga hjá Matvælastofnun og hefur verkfallið haft víðtæk áhrif á starfsemi stofnunarinnar. Í frétt sem birtist á heimasíðu stofnunarinnar þann 9. apríl greindi stofnunin frá að eftirfarandi starfsemi myndi að mestu stöðvast:

- Eftirlit í frumframleiðslu og með matvælafyrirtækjum sem framleiða búfjárafurðir (s.s. kjöt- og mjólkurframleiðsla)
- Eftirlit með heilbrigði, aðbúnaði og velferð dýra, þ.m.t. leyfi til flutninga yfir varnarlínur
- Eftirlit með áburði og fóðri
- Allt eftirlit í sláturhúsum og þar með kjötframleiðsla
- Innflutningur á lifandi dýrum og dýrafurðum (kjöt, ostar o.fl.)
- Útflutningur á lifandi dýrum
- Útflutningur á dýraafurðum til þriðju ríkja (s.s. kjöt, aðrar búfjárafurðir og fiskaafurðir til tiltekinna ríkja)
- Eftirlit með sjúkdómum í fiskeldi
- Eftirlit með plöntuheilbrigði
- Þjónusta og fræðsla við eftirlitsaðila (s.s. starfsmenn heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga), fyrirtæki og almenning varðandi merkingar, fæðubótarefni, matvælasnertiefni,

aukefni, erfðabreytt matvæli, varnarefni, aðskotaefni o.s.frv.

Í fréttinni segir að verkfallið nái til meira en helmingss starfsmanna stofnunarinnar og því verði reglubundnum verkefnum ekki sinnt, þ.m.t. muni starfsemi inn- og útflutningsskrifstofu stofnunarinnar stöðvast að mestu leyti.

Ljóst er að starfsemi stofnunarinnar hefur frá 20. apríl verið meira og minna lömuð og á þeim tíma hafa fallið niður þúsundir verkefna sem stofnuninni ber að sinna.

II.

Inn- og útflutningsskrifstofa Matvælastofnunar fer skv. skipuriti með eftirlit með inn- og útflutningi sem fellur undir verksvið stofnunarinnar. Á skrifstofunni er sjö starfsmenn í verkfalli, þar af eru þrjú dýralæknar (þ.á m. framkvæmdastjóri skrifstofunnar), þrjú matvælafræðingar og einn líffræðingur. Þeir starfsmenn sem ekki eru í verkfalli eru móttökuritari og starfsmaður sem sinnir eftirliti með inn- og útflutningi á sjávarafurðum.

Verklagið hjá skrifstofunni hefur verið með þeim hætti að dýralæknar afgreiða þau erindi sem snúa að innflutningi á búfjárdýraafurðum, þrátt fyrir að ekki liggi lögbundin krafa um slíkt. Hvort dýralæknar eigi að sinna þeim afgreiðslum er erindið lýtur að eður ei, skiptir hins vegar í sjálfu sér ekki máli. Enda liggur fyrir að allir þeir starfsmenn sem sinna afgreiðslum vegna innflutnings á matvælum (ef frá eru talin innflutningur á sjávarafurðum) eru í verkfalli og af 18. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, leiðir að óheimilt er að afstýra verkfallsaðgerðum með því að leita til annarra starfsmanna og fela þeim þau störf sem starfsmenn í verkfalli sinna. Þá er slíkt heldur ekki gerlegt, enda hafa aðrir starfsmenn ekki þekkingu málaflokknum eða möguleika vegna sinna eigin starfa að sinna slíku.

Ekki er því heimilt eða mögulegt að leita til annarra starfsmanna varðandi umbeðin verkefni og fela þeim verkefni sem þeir hafa fram til þessa ekki sinnt.

III.

Í framkomnu erindi er greint frá því að stjórnendum Matvælastofnunar sé heimilt að sinna fyrrgreindum afgreiðslum og er þá bæði vísað til forstjóra og yfirdýralæknis. Yfirdýralæknir er einn af fimm sviðstjórum hjá stofnuninni og er sem slíkur ekki yfirmaður starfsmanna inn- og útflutningsskrifstofunnar sem eru í verkfalli, þá er hann í sama stéttarfélagi og aðrir dýralæknar hjá stofnuninni. Stofnunin telur því að 2. mgr. 18. gr. laga nr. 94/1986 eigi við og að yfirdýralækni sé óheimilt að ganga í störf þeirra starfsmanna á inn- og útflutningsskrifstofunni sem eru í verkfalli.

Eins og vikið var hér að framan hefur verkfall dýralækna og líf-, matvæla- og næringarfræðinga haft gríðarleg áhrif á starfsemi stofnunarinnar og valdið því að þúsundir verkefna hafa fallið niður. Fyrir liggur að meðan á verkfallinu stendur mun Matvælastofnun ekki geta sinnt öllum þeim verkefnum sem stofnuninni þarf að sinna dags daglega. Forstjóri stofnunarinnar getur þannig ekki gengið í störf allra þeirra tæplega sextíu starfsmanna sem eru í verkfalli eða sett sig inn verkefni þeirra og störf.

Eina raunhæfa úrræðið sem Matvælastofnun hefur er að sækja um undanþágu til að kalla starfsmenn stofnunarinnar til starfa til að afstýra neyðarástandi, sbr. 20. gr. laga nr. 94/1986. Aðilar sem telja að afstýra þurfi neyðarástandi geta sótt um undanþágu vegna verkfallsins til Matvælastofnunar. Stofnunin fer yfir umsóknina og óskar í framhaldinu eftir því við undanþágunefnd BHM og ríkisins, sbr. 21. gr., að fá að kalla hlutaðeigandi starfsmenn stofnunarinnar til starfa og sendir viðkomandi umsókn með máli sínu til rökstuðnings.

Matvælastofnun hefur nú í tvígang sótt um undanþágu vegna erindis Innnes ehf. en verið

hafnað í bæði skiptin. Af þessum sökum er ekki hægt sinna beiðni um afgreiðslu fyrrnefnds verkefnis, fyrr en verkfalli lýkur eða að undanþága frá verkfalli fæst fyrir hlutaðeigandi starfsmenn inn- og útflutningsskrifstofunnar.

F.h. Matvælastofnunar,



Viktor S. Pálsson